



Borgarhólsskóli

# Ársskýrsla



**2016-2017**

*Hugsa um það helst og fremst,  
sem heiðurinn má næra;  
aldrei sá til æru kemst.  
sem ekkert gott vill læra.*

*Hallgrímur Pétursson*

## FORMÁLI

Ársskýrsla Borgarhólsskóla kemur nú út í sjötta sinn. Hún þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar að miðla þekkingu um skólastarfið og kynna umbætur og þróun í skólastarfinu. Hins vegar að vera hluti af formlegu sjálfsmati skólans og þróunaráætlunum. Í grunnskólalögum, nr. 91/2008, 35. gr., er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum starfs í grunnskólum. Þar segir meðal annars að mat og eftirlit skuli „veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.“ Ársskýrslan er þannig liður í þróun og vexti skólastarfsins. Að gerð skýrslunnar hafa komið skólastjórnendur, skólasafnskennari og deildarstjórar en umsjónarkennarar skrifuðu kafla um sína árganga og sérgreinakennarar um sitt starf.

Þrátt fyrir einhverjar takmarkanir þjónar ársskýrslan tilgangi sínum og er það von okkar að með henni sé stuðlað að markvissari upplýsingagjöf og enn betra skólastarfi.

Húsavík 15. júní 2017  
Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir  
skólastjóri

## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

### STJÓRNENDUR

Við skólann starfa skólastjóri og tveir deildarstjórar í 100% starfshlutfalli. Stöðugildi stjórnunar eru því þrjú.

Þórgunnur R Vigfúsdóttir skólastjóri. Anna Birna Einarsdóttir deildarstjóri og staðgengill skólastjóra og Hanna Ásgeirsdóttir deildarstjóri m.a. stoðþjónustu.

### STARFSMENN

<b>Nafn</b>	<b>Starfsheiti</b>
Aðalheiður Tryggvadóttir	Skólaliði
Anna Birna Einarsdóttir	Deildarstjóri
Anna Björg Leifsdóttir	Umsjónarkennari
Anna Harðardóttir	Námsráðgjafi
Arna Ásgeirsdóttir	grunnskólakennari/stuðningsfulltrú
Arna Þórarinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Árný Björnsdóttir	Umsjónarkennari
Áslaug Guðmundsdóttir	Íþróttakennari
Ásta Magnúsdóttir	Tónmenntakennari
Björgvin Friðbjarnarson	Umsjónarkennari
Brynhildur Gísladóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Dagbjört Erla Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Elín Pálmadóttir	Umsjónarkennari
Elísa Rún Jónsdóttir,	í leyfi
Elsa Björk Skúladóttir	Þroskaþjálfari
Erla Kristín Hreinsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Guðrún Einarsdóttir	Framhaldsskólakennari
Guðrún Kristinsdóttir	Umsjónarkennari
Guðrún Margrét Einarsdóttir	Sérkennari
Halla Rún Tryggvadóttir	Grunnskólakennari
Hanna Ásgeirsdóttir	Deildarstjóri
Harpa Ásgeirsdóttir	í orlofi
Heiða Guðmundsdóttir	Verk- og listgreinakennari
Helga Björg Pálmadóttir	Umsjónarkennari
Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Hjálmar Bogi Hafliðason	Umsjónarkennari
Ingólfur Jónsson	Verk- og listgreinakennari
Iris Myriam Waitz	Iðjuþjálfari
Jakobína Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi



Jóhanna Másdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóhanna Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari
Jóna Kristín Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari
Jóna Óskarsdóttir	Skólaliði
Karin Gerhartl	Verk- og listgreinakennari
Karólína Skarphéðinsdóttir	Umsjónarkennari
Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir	Grunnskólakennari
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari
Kristjana Ríkey Magnúsdóttir	Umsjónarkennari
Lilja Friðriksdóttir	Umsjónarkennari
Linda Arnardóttir	skólaliði
Magnea Dröfn Arnardóttir	Stuðningsfulltrúi
Magnús P. Magnússon	Kennari (bókasafn)
Marzenna Katarzyna Cybulska	Iðjuþjálfari
Pálmi Björn Jakobsson	Skólaritari
Sigríður Hörn Lárusdóttir	Matráður
Sigríður K. Sigvaldadóttir	Skólaliði
Sigrún Hildur Erlingsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Sigrún Jóna Héðinsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Sigurveig Rakel Matthíasdóttir	Skólaliði
Sóley Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Sólveig Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sveinn Hreinsson	Húsvörður
Sædís Rán Ægisdóttir	Stuðningsfulltrúi
Unnar Þór Garðarsson	Íþróttakennari
Unnur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Þóra Björg Sigurðardóttir	Þroskaþjálfari
Þórgunnur R. Vigfúsdóttir	Skólastjóri

Stöðugildi til almennrar kennslu voru 26 miðað við 26 tíma kennsluskyldu.

1 húsvörður 1,0 stöðugildi

6 skólaliðar 5,6 stöðugildi

1 námsráðgjafi 0,8 stöðugildi

2 þroskaþjálfar í 1,5 stöðugildum

2 iðjuþjálfar 1,8 stöðugildum

6 stuðningsfulltrúar 5,65 stöðugildi

1 sérkennari í 100% starfi og 1. kennari í atferlismótandi sérverkefnum 100%

## NEMENDAFJÖLDI

Skólaárið 2016 – 2017 var nemendafjöldi skólans eftirfarandi:

1. bekkur 32 nemendur
2. bekkur 27 nemendur
3. bekkur 30 nemendur
4. bekkur 32 nemendur
5. bekkur 29 nemendur
6. bekkur 28 nemendur
7. bekkur 24 nemendur
8. bekkur 31 nemendur
9. bekkur 29 nemendur
10. bekkur 24 nemendur

Nemendur voru samtals 286 að vori 2017.

Skólastarf hófst 17. ágúst með starfsdögum. Skólasetning var seinnipart mánudaginn 23. ágúst. Tíundi bekkur var útskrifaður fimmtudaginn 1. júní klukkan 18.00 á Sal skólans og skólaárinu var lokið 2. júní klukkan 14.00 í Íþróttahöllinni.

## SKÓLAAKSTUR

Skólastarf hefst alla daga kl. 08.15. Skólabíll sækir nemendur úr Norðurþingi sem búsettir eru í Reykjahverfi alla morgna frá kl. 7.44 – 8.00 – frá Reykjarhóli til Saltvíkur. Heimför skólabíls miðast við stundatöflu þess nemanda sem hefur lengstan skóladag. Skólabíll kemur og fer frá stóra bílastæðinu norðan skólans. Fjallasýn sér um skólaakstur.

## HÚSNÆÐI OG HÚSBÚNAÐUR

Borgarhólsskóli er í góðu húsnæði sem þó er farið að þarfnast viðhalds að innan sem utan. Unnið hefur verið að endurnýjun á húsgögnum í skólastofum og í ár voru keypt húsgögn fyrir teymi 2. – 3. Alls 60 stólar og borð. Áður hafa verið keypt stólar og borð í 1. bekk, 4. – 5. bekk og á unglíngastig.

## NEFNDIR OG RÁÐ

### SKÓLARÁÐ

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 koma skólaráð í stað foreldraráða. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn;

2 kennarar Harpa Ásgeirsdóttir og Anna Birna Einarsdóttir

2 nemendur Alicjia og Rakel Ásbjörnsdóttir

2 foreldra. Bergþóra Höskuldsdóttir og Eyrún Tryggvadóttir

1 starfmaður skóla Íris Waitz

1 úr grenndarsamfélaginu/eða foreldri

Skólastjóri Þórgunnur Reykjalín

Nýtt skólaráð hóf störf vorið 2015 og sat skólaárið 2016 - 2017 til viðbótar.

### VERKEFNASTJÓRAR

Í ár eru tveir verkefnastjórar í 20% starfshlutfalli sem slíkir. Annar er Björgvin Friðbjarnarson en hann gegnir starfi verkefnastjóra við innleiðingu á nýju námsmati MMS og námsmatsvinnu og notkun á Mentor til þess. Hinn verkefnastjórinn er Heiða Guðmundsdóttir og hún sér um að viðhalda og efla Jákvæðann aga sem er uppeldisstefna skólans.

### SJÁLFSMATSTEYMI

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum skylda til að framkvæma sjálfsmat. Hverjum skóla er ætlað að innleiða aðferðir til að meta ólíka þætti skólastarfsins, s.s. kennslu, stjórnun, samskipti og tengsl. Áhersla er lögð á það að sjálfsmatið sé sjálfsagður hluti skólastarfsins, unnið jafnt og þétt og ekki íþyngjandi. Á hverju hausti fær skólastjóri 2-3 kennara, til að sitja í sjálfsmatsnefnd. Nefndin fundar að lágmarki 10 sinnum á önn, stýrir vinnunni við sjálfsmatið og kallar aðra til sem málið varðar. Lögð er áhersla á það að þessi vinna sé stöðug, einföld og

hluti af stofnanamenningu Borgarhólsskóla. Þessi vinna hefur ekki verið sem skyldi og þarf að endurskoða mjög vel leiðir og tímaramma.

## NEMENDAVERNDARRÁÐ/ EINELTISTEYMI

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 er kveðið á um að skólastjóri setji á laggirnar nemendaverndarráð sem sjái um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Jafnframt skuli stuðla að samráði við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna nemenda eftir því sem þurfa þykir. *Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.*

Nemendaverndarráð starfar einnig sem eineltisteymi. Nemendaverndarráð skipar skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, náms – og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og starfsmaður skólaþjónustu. Nemendaverndarráð fundar á tveggja vikna fresti og sér deildarstjóri stoðþjónustu um að skipuleggja þá.

Áfallaráð skólans er skipað skólastjóra, deildarstjórum og skólahjúkrunarfræðingi. Áfallaráð fundar þegar upp koma aðstæður s.s. dauðsföll sem snerta starfsfólk eða nemendur skólans og önnur áföll dynja á. Áfallaráð starfar samkvæmt ákveðnum verkferlum.

## NEMENDAFÉLAG

Á unglíngastigi er kosið í nemendaráð á hverju skólaári og það ráð heldur um fjáröflun og skemmtanahald á unglíngastigi ásamt umsjónarkennara ráðsins. Í ár var þetta fléttað saman við árshátíðarnefnd og nemendur ráðsins fengu þessi félagsmál metin sem valgrein.

Fjáröflun á unglíngastigi rennur í skólaferðalag að vori við lok 10. bekkjar.

## MAT Á OG Í SKÓLASTARFI

### STARFSMANNASAMTÖL

Starfsmannsamtöl voru framkvæmd á vorönn. Skólastjórnendur tóku öll viðtölin og skiptu þeim á milli sín. Útbúin voru viðtalsblöð og þau send á starfsfólk svo allir hefðu tækifæri til að undirbúa samtalið og velta fyrir sér hvað þeir vildu ræða sérstaklega.

## SKÓLAPÚLS

Í vetur var lögð könnun fyrir foreldra, nemendur og kennara skólans, Niðurstöður könnunarinnar eru jákvæðar fyrir skólann og gefa vísbendingar um að foreldrar séu almennt ánægðir með skólastarfið í heild sinni.

Þótt niðurstöður könnunarinnar séu að miklu leyti jákvæðar fyrir skólann þá er mikilvægt að halda áfram að bæta starfið. Við þurfum að halda áfram að vinna gegn einelti. Einnig þurfum við að kynna betur fyrir foreldrum hvaða tækifæri þeir hafa til að hafa áhrif á stefnu og starf skólans. Nauðsynlegt er að nota jákvæðar niðurstöður könnunarinnar sem meðbyr og hvatningu til þess að gera betur. Skólapúlsinn er nýttur sem innra mat á skólastarfinu og unnið er með þá þætti sem ekki koma vel út og markmið sett um að bæta þá á næsta skólaári. Niðurstöður Skólapúlsins má lesa um á heimasíðu skólans.

## VEGVÍSIR

Samkvæmt bókun 1 í kjarasamningi FG og Sambandi Íslenskra sveitafélaga var farið í svokallaða vegvísis vinnu þar sem kennarar rýndu í álagsþætti í kennarastarfinu og unnu í kjölfarið umbótaáætlun fyrir skólann. Á næsta skólaári liggur þessi umbótaáætlun til grundvallar í skipulagi á vinnu og vinnuumhverfi kennara við Borgarhólsskóla.

Umbótaáætlunin ásamt lokaskýrslu sveitarfélagsins um verkefnið var send samstarfsnefnd FG og SNS.

## YTRI ÚTTEKT MENNTAMÁLASTOFNUNAR

Á síðasta skólaári var skólinn tekinn út af Menntamálastofnun og í kjölfarið unnin umbótaáætlun sem náði yfir skólaárið og er ekki lokið. Umbótaáætlunin nær yfir flesta þætti í skólastarfinu.

## SAMRÆMD PRÓF

Fyrstu tvo skóladagana mættu nemendur fyrsta bekkjar ásamt foreldrum í einstaklingsviðtöl. Aðrir árgangar komu í viðtöl í byrjun október þar sem nemendur settu sér markmið fyrir komandi skólaár. Námsmat fór fram í janúar og maí/júni.

Í Borgarhólsskóla er leiðsagnarmat notað í 1.-10. bekk í samræmi við þróunar- og sjálfsmatsvinnu starfsmanna og áherslur Aðalnámskrá grunnskóla. Matið fer fram rafrænt í gegnum Mentor, þar sem annars vegar nemandinn, ásamt foreldri/forráðamanni, metur sig og hins vegar metur kennarinn nemandann. Leiðsagnarmatið er síðan notað sem umræðugrundvöllur í foreldraviðtali. Niðurstöðum samræmdrar prófa er safnað saman í excel skjal til að sjá þróun milli ára og árganga. Það nýtist skólanum við gerð umbótaáætlana til að bæta námið.



## SKÝRSLUR TEYMA

### TEYMI 1. BEKKUR

#### Helstu viðburðir

Göngudagur: Fórum í sund.

september: Heimsókn í Safnahús- fengum fræðslu um Ísland fyrr og nú.

desember: Helgileikur og þemadagar.

febrúar: Salur. Söngur, brandarar, upplestur á sameiginlegum sögum. Hittum Tungubörn.

mars: Skólasamkoma. Börnin sungu lagið Sautjánþúsund sólargeislar úr Bláa hnettinum. Hittum Tungubörn.

apríl: Hittum Tungubörn. Fórum á myndistasýningu í Safnahús í tilefni 90 ára afmælis Völsungs.

maí: kíktum í hesthús og fjárhús.

### TEYMI 2. – 3. BEKKUR

#### Helstu viðburðir

Göngudagur 20. september. Skógarferð hjá 2. og 3. bekk.

Þemadagar alls skólans 29. nóv.-2. des. Nemendur skiptust í blandaða hópa og unnu ýmis verkefni.

2.-3. bekkur vann ýmis þemaverkefni:

- Jólþema, jólaaval. Ýmis jólaverkefni t.d. myndbandagerð og íslenskuverkefni, samþætting námsgreina.
- Plastþema, ruslatínsla, verkefnavinna o.fl.
- Páskaþema

2. og 3. bekkur tók þátt í Litlu Ólympíuleikunum í maí.

10 börn í 3. bekk tóku þátt í verkefningu Cristal í samvinnu við nemendur á Árholti, Grænuvöllum og FSH eftir áramót.

3. bekkur tók þátt í ART hjá Ingibjörgu og Irisi.

Hvalaskóli 2. bekkjar að vori. Heimsókn í Hvalasafnið og fjöruferð í Eyvíkurfjöru. Listaverk unnin sem fóru á sýningu á Hvalasafninu.

Salur x 3, einu sinni hver umsjónarstofa.

3. bekkur sýndi dans á Skólasamkomu.

Dótadagur tvisvar á skólaárinu, í desember og maí.

Sundkennsla að hausti og vori.

#### TEYMI 4. – 5. BEKKUR

##### **Helstu viðburðir**

Útivistardagur 20. september. Göngutúr, nesti uppi í skógi og að lokum sund.

Heimsókn í Safnahúsið í september þar sem farið var á sýninguna Óskir íslenskra barna, í tengslum við kynningu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Jól í skókassa-verkefnið í október.

Dagur jákvæðs aga 8. nóvember. Nemendur bjuggu til sögur um góð samskipti sem þeir síðan léku og tóku upp á iPad. Að lokum sýndi hver hópur sína stuttmynd.

Þema 29. nóvember – 1. desember. Margt konar verkefni og blöndun þvert á stig.

Verkstæðisdagur 9. desember.

Fuglaskóli hjá 5. bekk í mars. Unnið í samvinnu við Hermann Bárðarson og Fuglavinafélagið.

5. bekkur tók þátt í söfnun fyrir ABC barnahjálpi í mars.

5. bekkur með marimba á skólaskemmtuninni í mars.

Litlu-ólympíuleikarnir í byrjun maí.



Hvalaskólinn hjá 5. bekk í maí. Sagan Moby Dick lesin, farið í heimsókn í Hvalasafnið, í hvalaskoðun og að lokum unnin ýmis verkefni sem sýnd verða á listsýningu í Hvalasafninu. Umsjón með Hvalaskólanum höfðu Hulda Hafliðadóttir og Halldór Jón Gíslason.

Sveitaverkefni í 4. bekk. Sveitaferð 9. maí, farið var í Grenjaðarstað, Hraunkot og Saltvík. Í lok verkefnisins unnu nemendur í hópum og skrifuðu Bændablöð.

Sýning dans- og tónlistarfólks á vegum Vöku listahátíðar í salnum 22. maí.

Gönguferð upp að Botnsvatni 23. maí. Sumir völdu einnig að ganga hringinn í kringum vatnið.

Allir umsjónarhópar með sal einu sinni yfir veturinn.

Tækja- og dótadagur var tvisvar sinnum á árinu.

Bekkjarsáttmáli unninn að hausti og hengdur upp á vegg á Mána.

Þorgrímur Þráinsson hélt fyrirlesturinn Stöndum saman í 5. bekk og Jóhann Kristinn kom einnig og ræddi um íþróttamannslega framkomu.

## TEYMI 6. – 7. BEKKUR

Í haust byrjuðu 54 nemendur í teymi 6. og 7. bekkjar. Árgöngunum var skipt í þrjá umsjónarhópa og voru umsjónarkennarar Guðrún Kristinsdóttir, Harpa Ásgeirsdóttir, Lilja Friðriksdóttir og Sóley Sigurðardóttir. Í teyminu voru einnig Þóra Sigurðardóttir þroskajálfi og Jakobína Gunnarsdóttir stuðningsfulltrúi. Þórhildur Jónsdóttir kennaranemi var hjá okkur í teyminu frá skólabyrjun og til loka nóvembersmánaðar. Harpa fór í fæðingarorlof í október og tveir nemendur fóru í aðra skóla á haustönninni. Kennslunni var þannig háttáð í byrjun skólaárs að blandaðir hópar voru í öllum fögum. Í nóvember árgangaskiptum við í íslensku og stærðfræði og gekk það mjög vel. Áfram voru þó nemendur í blönduðum hópum í ensku og samfélags- og náttúrugreinum. 7. bekkur var eingöngu í dönsku. Íslandssaga og náttúrufræði var kennd í lotum.

### Helstu viðburðir

Göngudagur var í skólanum 20. september og gengum við frá skólanum, upp leitið og þaðan upp á Húsavíkurfjall.

Samræmd könnunarpróf voru í 7. bekk dagana 22. og 23. september.

Stóra upplestrarkeppnin var sett 16. nóvember á sal skólans. Með því hófst undirbúningur fyrir keppnina. Keppnin innan skólans fór fram 8. mars og tóku 10 nemendur þátt.

Lokakeppnin var haldin í Safnahúsinu 24. mars og tóku 4 nemendur þátt í henni.

Þemadagar voru í skólnum 29. nóvember til 1. desember.

Verkstæðisdagur, jólaföndurdagur, var 9. desember og litlu jólin 20. desember.

Öskudagur var 1. mars og börn í 6. bekk og foreldrar þeirra höfðu umsjón með öskudagsballi.

Þetta er fjáröflun 6. bekkjar fyrir skólabúðir síðar á skólaárinu.

Skólasamkoman var haldin 29. og 30. mars. Nemendur 7. bekkjar sýndu leikritið Hafið bláa.

Þetta er fjáröflun 7. bekkjar fyrir skólabúðir síðar á skólaárinu. Leikskólasýning var 31.

mars.

Nemendur 6. bekkjar fóru í skólabúðir 24. og 25. apríl. Farið var til Raufarhafnar, á

Kópasker og í Lund. Fjallað var um jarðfræði og sögu svæðisins og söfn skoðuð.

Litlu ólympíuleikarnir voru haldnir 4. maí.

Nemendur 7. bekkjar fóru í skólabúðir 29.-31. maí. Farið var í Mývatnssveit og nágrenni þar sem jarðsagan var til umfjöllunar.

Nemendur 7. bekkjar stóðu fyrir nokkrum diskótekum yfir veturinn þar sem nemendur 5.-7. bekkjar komu og skemmtu sér saman. Þetta var liður í fjáröflun bekkjarins.

Í vetur var reglulega farið í sal skólans og ýmist sungið saman eða horft á skemmtiatriði bekkja. Nemendur 7. bekkjar sáu einu sinni um skemmtiatriði og nemendur 6. bekkjar einu sinni.

## TEYMI 8. – 9. BEKKUR

### Helstu viðburðir

Göngudagur 6. september, stefnan var tekin á Hólmatungur-Vesturdal en vegna slæms veðurs var Hljóðaklettahringurinn genginn.

27. september. Sigga Dögg kynfræðingur var með fyrirlestur og spjall við nemendur, hvern árgang fyrir sig.

Sigling 14. október. Farið var í Flatey með 8.-10. bekk

20. október. Fyrirlestur frá Hugarafli. Notendur þjónustunnar voru með fyrirlestur og svöruðu fyrirspurnum frá 9. og 10. bekk.

21. október. Fyrirlestur frá landkönnuðum sem heimsóttu Húsavík á vegum Könnunarsögusafnsins og Örlygs Hnefils Örlygssonar.
8. nóvember. Unnið með jákvæðan aga. Að setja sig í fótspor annarra, lausnahjólíð (nettengt), tilfinningar, hrós og þakkir, þýðingar á yrðingum úr jákvæðum aga.
29. nóv.-1. des þema. Allur skólinn tók þátt í þema sem snerist um sköpun.
- Janúar. Kvikmyndin Eiðurinn sýnd. Baltasar kom sjálfur og ræddi við nemendur í lok myndar um efni myndarinnar, boðskap og tilurð.
27. febrúar Þorgrímur Þráinsson heimsótti nemendur og spjallaði við þá um markmiðssetningu.
- 6.-10. febrúar. Laugar hjá 9. bekk. Undirbúningur fyrir þorrablót og þorrablót hjá 8. bekk 9. febrúar.
24. febrúar – árshátíð unglíngastígs.
29. mars 9. bekkur í skólaheimsókn á Akureyri í VMA og MA. Skólahreysti þann sama dag sem flestir nemendur úr 8. bekk fylgdust einnig með.
- Apríl-maí. Binna hjúkrunarfræðingur fór með fræðslu um sjálfsmýnd og tilfinningar í 8. bekk og kynfræðslu í 9. bekk.
- 29.-31. maí. Survivor. 8.-10. bekkur.

### **Þorrablót 8. bekkjar.**

Þorrablótið fór fram fimmtudagskvöldið 9. febrúar. Þá viku féllu faggreinatímar niður að mestu og tími notaður til undirbúnings fyrir blótið, samveru, dans og söngva. Nemendum er skipt í nefndir að undangenginn könnun á áhuga þeirra; tónlistarnefnd, skemmtinefnd, skreytinganefnd, auglýsinga- og aðgöngunefnd, móttökunefnd og veislustjórar. Nefndir starfa sjálfstætt en hafa aðgang að starfsmanni sem hefur umsjón með vinnu nefndarinnar. Hver nefnd fær erindisbréf með verkum sínum.

Nemendur fóru í heimsókn í Norðlenska og skoðuðu steikingarlínu fyrirtækisins á Húsavík. Það má stækka þá hugmynd og skoða fleiri, önnur eða meira af fyrirtækinu. Í heimsókninni fengu nemendur að bragða þorramat. Það væri áhugavert og ekki síður fróðlegt að gera meira út matarmenningunni í kringum þorrann, þ.e. geymslu og framleiðsluaðferðir.

Varðandi dans og söng þarf að endurskoða þá litlu viðburði. Þeir þurfa að hafa meiri aðdraganda þannig að nemendur sjái tenginguna við blótið sjálft. Ásta Magnúsdóttir ásamt umsj.kennurum æfði söng. Það væri hægt að nota ljóð og lög í íslenskukennslunni enda mörg

þorralögin fjarlæg nemendum. Ásta spilaði jafnframt undir á blótinu sjálfu og Hjálmar Bogi stjórnaði söngnum. Hjá ritara er söngbók sem hefur verið notuð frá ári til árs.

Veislustjórar voru fjórir. Það er mikilvægt að huga að kynjaskiptingu vegna þessa. Ger aþarf handrit fyrir blótið sem þeir fylgja og þurfa þeir þess vegna að vera í góðu samstarfi við aðrar nefndir, sérstakleg skemmtinefnd.

Dansiball hófst um eða upp úr kl. 21. Gömlu dansarnir höfðu verið æfðir í skólanum tvisvar sinnum í vikunni, klukkutíma í senn. Dansæfingar voru á hendi umsj.kennara. Boðað var til foreldradansæfingar sem hefur gefist vel. Þar mæta foreldrar með börnum sínum og æfa dansinn. Þetta bæði þjálfaði foreldra í dansinum og braut ísinn fyrir nemendur að dansa við foreldra annarra nemenda. Tónlistin var spiluð af usb-lykli. Eftir gömlu dansana tók svo við diskótek, sem tónlistarnefnd nemenda hafði undirbúið. Dansiballi lauk um miðnætti.

Eftir hádegismat á fimmtudeginum fékkst aðgangur Salnum. Það nokkuð knappur tími til að setja upp svið og undirbúa. Starfsfólk raðar upp í salinn ásamt nemendum; sækja þarf borð af efri og neðri gangi í eldri byggingu. Hugsa þarf að því að fá salinn fyrir til að undirbúningur geti gengið greiðar fyrir sig. Jafnfram verður ekki hjá því komist að endurskoða hljóð og ljós í Salnum. Það er reglulega óheppilegt að þurfa að púsla saman í nothæfan salinn rétt fyrir viðburð.

Hefð er fyrir því að foreldrar séu með tvö skemmtiatriði. Annarsvegar að birta gamlar fermingamyndir af sér og annað atriði hinsvegar. Hugsa þarf að myndatöku á blótinu, þ.e. að einhver starfsmaður sé með myndavél til að skrásetja.

### **Dans- & söngsalir á unglingsstigi**

Öðruhverju voru nemendur boðaðir á dans- og/eða söngsal. Oftar en ekki að frumkvæði þeirra sjálfra. Lagt er til að hvert skólaár verði skipulagt með fjórum til fimm skiptum af hvort um sig dansi og/eða söng. Það skipulag kynnt nemendum og öllum ljós. Hægt er að tengja þetta öðrum viðburðum, nota sem uppbrot, nú eða tengja söngtexta. Hugsa þarf að því hver heldur utan um viðburðina.

### **Ferðalag 9. bekkjar - Laugar í Sælingsdal**

Dagana 6. – 10. febrúar dvöldu nemendur 9. bekkjar að Laugum í Sælingsdal. Ferðin gekk í alla staði mjög vel. Björgvin, Halla Rún og Solla Jóns. fóru með hópnum. Þórgunnur sá um að panta rútuna og var hún í sambandi við staðarhaldara á Laugum til að byrja með en Halla tók svo við þeim samskiptum. Ferðin og dvölin í heild sinni gekk mjög vel.

## 10. BEKKUR

Fjöldi nemenda að hausti 26, fækkaði um tvo um veturinn, fjöldi nemenda sem útskrifaðist vor 2017 24.

### **Helstu viðburðir**

Unnum með jákvæðan aga.

Farið var í skólaheimsóknir í MA og VMA í byrjun október.

10.bekkur setti upp leikritið Jólasaga í leikstjórn Jóhanns Kristins Gunnarssonar í byrjun desember.

10.bekkur sá um kaffihús á Verkstæðisdaginn.

Hluti nemenda sá um framkvæmd á árshátíð unglunga sem haldin var í lok febrúar.

Farið var í skólaheimsókn í FSH í byrjun október.

Nemendur fengu fyrirlestur hjá Þorgrími Þráinssyni 27.febrúar.

Vikuna 7.-10.febrúar var náms-og starfskynningarvika hjá 10.bekk. Þar fengu nemendur kynningu frá Íslandsbanka um fjármál, kynningu frá Framsýn og kynningu á AFS og Lýðháskóla í Danmörku frá Fanný Traustadóttur og Jönu Björgu Róbertsdóttur. Nemendur fóru einn dag í starfskynningu í fyrirtæki úti í bæ.

Nemendur fengu að taka þátt í geðræktarverkefni með nemendum FSH 23.mars sem var stýrt af Aðalbirni Jóhannssyni og Gunnari Árnasyni.

Fóru í skólaferðalag 22.-24.maí

Tóku þátt í Survivor í lok skólaárs.

Útskrift 1.júní 2017.

### **Fjáröflun 10.bekkjar 2016-2017**

Umsjón með fjáröflun var í höndum Kolbrúnar Ödu sem hélt utan um þetta samhliða árshátíðarundirbúningi.

#### **Sjoppa**

Nemendur ráku sjoppu í vetur og versluðu við Heimabakarí. Fá 25% afslátt þar. Reikningar koma í tölvupósti og þarf að halda utan um upphæðina og leggja inn á reikning hjá þeim sem er skráður í einkabankanum. Nemendur voru einu sinni með snúða og tóku þá niður pantanir fyrirfram hjá nemendum unglingadeildar og starfsfólki. Svalar og gos var pantað frá Vífilfell og kókómjólk og smurostur frá MS.

### Lakkrís

Nemendur seldu lakkrís strax í upphafi skólaárs og gaf það vel. Hver og einn seldi a.m.k. 10 poka en margir tóku mun meira en það. Pantað frá Góu. Pokinn fæst á 500 og við seljum hann á 1000.

### Fífavöld

Var haldið á Mána. Nemendur komu með tölvurnar sínar og leiki. Hver þátttakandi kom með fjarstýringar. Krakkarnir fóru í fyrirtæki og fengu verðlaun. Þátttöku gjald var greitt fyrir að taka þátt 2000 á lið. Einnig var sjoppa á staðnum og pantaðar pítsur sem voru svo seldar. Foreldrar sáu um vakt en krakkarnir héldu utan um keppnina.

### Sjoppa í bíó

Sáum um sjoppu á bíókvöldi á vegum könnunarsögusafnsins. Það gekk vel og nýttum það sælgæti sem hafði verið pantað fyrir Fifa kvöldið. Tveir nemendur tóku að sér að afgreiða.

### Peysur

Pantaðar voru peysur af sermerkt.is. Boðið var upp á hettupeysur bæði renndar og lokaðar. Nafn skólans og nemenda framan á og auglýsing frá Íslandsbanka aftan á. 150.000 í auglýsingu.

### Verkstæðisdagur/kaffihús

Nemendur sáu um kaffihús að venju á verkstæðisdag. Skýrsla um það er til frá Unni.

### Molar

Nemendur gerðu mola til að selja. Ada kenndi þeim að gera þetta og foreldrar og nemendur gerðu mola eina kvöldstund. Það mætti alveg gera fleiri. Við gerðum 4 uppskriftir amk af hverri bragðtegund. Meira af piparmolum en mátti samt vera meira. Seldist upp á 30 mín. Pöntuðum af slikkeri.is og skólinn fékk afganginn. Fengum líka lánað spaða og fleira frá Höllu Rún til að vera fljótari.

### Leikrit.

Nemendur settu upp stutt jólaleikrit. Jóhann Kristinn sá um leikstjórn. Búningar voru fengnir hjá LH. Foreldrar sáu um vaktir. Einnig söfnuðu nemendur auglýsingum í leikskrá. Ein sýning var sýnd fyrir leikskólabörn. Sýnt var í desember sem er heldur seint. Hefði þurft að vera í lok nóvember í síðasta lagi. Allt um leikritið og verklag er geymt á sameign.

### Mc-Gauti

Haldið var ball með MC Gauta. 10. bekkur sá um sjoppuna og skiptu krakkarnir sér á vaktir.

### Bíókvöld



Var haldið í þrennu lagi. Yngsta stig, miðstig og unglingsstig. Haldið á Stjörnu og kostaði 500 kr. inn. Síðan seldum við sælgæti, gos, svala og popp. Foreldrar sáu um vaktir og frágang.

Dósir

Þar sem sóðavatn var selt í sjoppu 10. bekkjar tókum við allar flöskur sér, töldum og fengum skilagjald. Einnig fengu nemendur fullt frá öðru starfsfólki skólans. Fjáröflunarnefnd sá að mestu um að flokka og telja en svo fengum við foreldra til að fara með dósirnar. Ágóðinn var lagður beint inn á reikning krakkanna.

Heilt yfir gekk vel að safna. Ef halda á áfram að fara í skólaferðalag af þessu tagi þarf að ná 2 milljónum. Verkefnið dreifðust vel yfir árið. Nemendur voru komnir með fyrir ferðalaginu í apríl og þá hættum við að safna nema bara með sjoppunni í frímínútum. Sá sem sér um fjáröflun þarf að skipuleggja viðburði vel og gott er að koma inn á haustfund með foreldrum og láta þá skrá sig á stærstu liðina. Einnig þarf að vera duglegur að virkja foreldra á vaktir.

### **Árshátíð unglingsdeildar 2017**

Í ár var þetta valfag í boði fyrir 9. og 10. bekk. Í ár var fjölgað í nefndinni og komu 10 nemendur að undirbúningi. Lagt var upp með að árshátíðarnefnd og fjáröflunarnefnd fundaði á sama tíma. Fengi fræðslu í fundarsköpum og framsögn en væri svo skipt upp til að vinna að sínum verkefnum. Þar sem fagið rakst á við aðra valtíma gekk þetta ekki upp svo nefndin fékk sér tíma. Í upphafi fundaði nefndin hálfsmánaðarlega í 1-2 klst. Einnig fengum við boð um að koma á námskeið hjá UMFÍ hálfan dag. Þar var farið yfir framsögu, fundarstjórnun, fundaboðun, fundaritun. Var þetta mjög gott og gagnlegt námskeið.

Eftir áramót fundaði nefndin einu sinni í viku. Nemendur sáu sjálfir um skipulagninu á fundum, skiptu með sér verkefnum og skipulögðu árshátíðina. Undirrituð hélt utan um þeirra skipulag, aðstoði við það sem þurfti en sá um samskipti vegna matar og ljós og hljóð.

Nefndin tók sér vinnudag í vetrarfrí og var hann vel nýttur frá 9:30 – 15:00.

Í ár sáu nemendur alfarið um skemmtiatriði, undirleik, diskó og að stýra ljósum og hljóði. Að hluta til er það komið vegna þess að sama kvöld var árshátíð FSH og því ekki hægt að fá nemendur þaðan til að aðstoða. En strax í upphafi ákváðu nemendur að eyða ekki pening í ljós heldur nýta það sem fyrir er og sjá sjálfir um diskó. Í staðinn vildu þeir eyða meira í mat og fá eftirrétt.

Dagurinn fyrir árshátíð var nýttur vel til að skreyta og setja upp hljóðkerfi og ljós. Einnig unnu nemendur frá hádegi við lokaskreytingar á föstudegi.

Árshátíðin fór svo fram 24. febrúar. Húsið opnaði 19:00 og borðahald hófst 19:30. Nefndin hafði útbúið myndband sem var sýnt áður en þau stigu á svið. Nefndin stýrði samkomunni sjálf. Meðal skemmtiatriða voru myndbönd frá 8. og 9. bekk þar sem nemendur gerðu grin að kennurum sínum. 10. bekkur sýndi myndir af sér þar sem þau endursköpuðu barnamyndir. Kennarar stigu á svið og léku á hljóðfæri og sungu. Tveir nemendur í 8. bekk fóru á svið og sungu hið sívinsæla lag neineinei. Þá var fjöldasöngur inn á milli þar sem nefndin sá um undirleik og stýrði. Í lok borðahalds var svo stjórnumessa. Eftir borðhald voru gömlu dansarnir dansaðir og hlöðudansinn tekinn þrisvar að beiðni nemenda. Kvöldinu lauk svo með diskói þar sem tveir nefndarmeðlimir sáu um tónlistina.

Daginn eftir mætti nefndin í frágang sem gekk hratt og örugglega fyrir sig.

Að þessu sinni sá Salka um matinn. Hljóðkerfi var leigt af Berki Guðmundssyni en Sigurður Sigurjónsson sá um að setja upp ljós og hljóðkerfi ásamt tveimur nemendum 10. bekkjar.

Árshátíðin fór vel fram og nefndin stóð sig mjög vel í öllu. Ég tel að það sé gott að hafa fjölgað í nefndinni því þá eru fleiri um verkefni sem eru æði mörg. Mér telst til að nefndin hafi skilað rúmlega 50 klst í vinnu á þessu tímabili. Þá eru ekki teknir með tímarnir sem fóru ljósin en þeir voru ekki á höndum nefndarinnar. Þar sem skólinn á ekki hljóðkerfi þarf að setja smá spurningamerki við að nemendur borgi fyrir hljóðkerfi eða hvort skólinn útvegi það. Allt annað greiða nemendur (fyrir utan laun umsjónarmanns). Það væri gott að vita fyrr hvaða kennarar munu taka tvöfaldan dag þarna til að geta nýtt þá betur. Að þessu sinni komu tveir kennarar í frágang á laugardegi og það var frábært! Tillaga fyrir næsta ár er að hvert borð taki af því og gangi frá því að borðhaldi loknu. Þannig lendir frágangur fyrir dansinn ekki á örfáum nemendum og kennurum.

### **Skólaferðalag 10. bekkur**

Dagana 22. – 24. júní var 10. bekkur í skólaferðalaginu sínu. Farið var kl. 7:45 frá skólanum. Farið var rakið á Nesjavelli í Adrenalíngarðinn og það gekk vel. Margir nemendur stigu langt út fyrir þægindarammann og vildu helst ekki hætta þegar kominn var tími á brottför. Eftir „adrenalín-kikkið“ var farið til Reykjavíkur í Egilshöll þar sem snætt var á Shake&Pizza og farið í keilu. Þá var að koma sér á gististaðinn sem var Skátaheimilið Kópar í Kópavogi. Ræs snemma daginn eftir og haldið beint í Skemmtigarðinn í Grafarvogi í „Lazer-tag“ og „Paint-ball“. Sólin mætti á svæðið og allt gekk þetta ljómandi vel og allir himinsælir. Eftir þetta var haldið í Garðabæinn í Go-kart. Það gekk sömuleiðis vel. Það þurfti svo að þvo

mannskapinn og allir í sund á Álfanesi. Svo var farið á Hamborgarafabrikkuna í Kringlunni. Deginum lauk svo með bíóferð. Hluti nemenda fékk leyfi til þess að fara í bíó í Kringlunni en flestir fóru í Háskólabíó. Daginn eftir var ræs enn fyrir en daginn áður og haldið rakleiðis í Skagafjörð í flúðasiglingu. Þetta ferðalag gekk alveg glimrandi vel, krakkarnir alls staðar til fyrirmyndar og gleðin skein úr hverju andliti.

Þau Hulda Jóna og Rúnar hjá Fjallasýn skipulögðu ferðalagið eins og oft áður. Þau höfðu samband strax á haustmánuðum til að vera viss um hvaða daga ætti að fara í ferðalagið og voru því búin að bóka gistinguna og helstu afþreyinguna snemma.

## TÓNMENNT/ SVIÐSLISTIR

### 1.bekkur

1.bekkur kom 2x í viku í tónmennt. Hvor bekkur kom í 40 mín í hvort skipti. Í tímum er mikið sungið og hlustað á tónlist. Unnið er með námsefni eftir Hólmsfríði S. Ben þar sem solfakerfi og fuglar eru samtvinnaðir. Hlustað er á ýmsa barnasöngleiki eins og *Hafið Bláa* og *Láp og Skráp* fyrir jólin. Farið er í klappleiki, stafleiki, táknabíngó, hljóðfærahring, unnið með tónlistartákn, hlustað á Maximus músíkús, Karnival dýranna svo dæmi séu tekin. Viðburðir sem tónmenntakennari aðstoðaði við voru t.d. Samkomur á sal, Skólasamkoman, Helgileikur í desember og heimsókn á Hvamm þar sem börnin sungu fyrir heimilisfólkið. Nemendur lærðu barnadansa, dönsuðu zumba og ásadans. Einnig lærðu þau nokkra leiklistarleiki.

Námsmat er í formi símats.

### 2.-3.bekkur

Tónmennt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 13 nemendum. Hóparnir voru blandaðir úr báðum árgöngum.

Í tímum er sungið, farið í leiklistarleiki, búningaleiki, hlustað á barnasöngleiki, dansað barnadansa og zumba, farið í táknabíngó, klappleiki, stafleiki, hljóðfærahring, hlustað á Maximús og Pétur og úlfinn. Hver hópur fékk að horfa á söngleik.

Námsmat er í formi símats.

### 4.-5.bekkur

Tónmennt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 13 nemendum. Hóparnir voru blandaðir úr báðum árgöngum.

Í tímum er sungið, farið í leiklistarleiki, búningaleiki, hlustað á barnasöngleiki, dansað zumba, farið í táknabingó, klappleiki og hljóðfærahring. Hver hópur fékk að horfa á söngleik.

Námsmat er í formi símats.

### **6.-7.bekkur**

Tónmennt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 12 – 13 nemendum.

Hóparnir voru blandaðir úr báðum árgöngum.

Í tímum er sungið, farið í leiklistarleiki, dansað zumba, farið í táknabingó og farið í námsefni þar sem kynnt eru sígildu tónskáldin Mozart, Beethoven og Grieg. Hver hópur fékk að horfa á söngleik.

Námsmat er í formi símats.

### **8.-10.bekkur**

Sviðslistartímar voru einu sinni í viku í allan vetur, hver tími 1 klst.

Farið var í leiklistarleiki og sérstök áhersla lögð á spunaleik. Eftir áramót unnu nemendur í handriti og var valið leikritið Ást á heimavist. Það leikrit var flutt í tvígang í

Samkomuhúsinu í maí. Allir nemendur í 6.-10.bekk mættu um morguninn en seinni partinn komu aðstandendur leikhópsins. Nemendur og kennari sáu um að útvega búninga, ljós og tæknimál auk þess sem allir leikarar fengu smink fyrir sýningar.

Námsmat er í formi símats þó er sameiginlegt námsmat sérgreinakennara fyrir nemendur 10.bekkjara.

### **7.bekkur – Hafið Bláa eftir Kikku og Þorvald Bjarna**

Allur 7.bekkur kom einu sinni í viku í 1 klst í allan vetur. Strax í haust fengu nemendur hlutverk við uppsetninguna. Hvert hlutverk skiptir miklu máli, hvort sem nemandi er leikari, sviðsmaður, hljóðmaður, hvíslari eða að sminka.

Tveimur vikum fyrir Skólasamkomu var byrjað að æfa í salnum. Lokaæfing (generalprufa) var þriðjudaginn 28.mars. Þá mættu foreldrar og systkini leikhópsins og var pizzeveisla á eftir. Skólasamkoman var 29. og 30. mars. Aukasýning fyrir leikskólann var föstudaginn 31.mars.

Aðsókn var góð og var almenn ánægja með sýninguna.

## **Stúlknaður Húsavíkur**

Kóræfingar eru einu sinni í viku í eina klukkustund. Einnig eru aukaæfingar eftir þörfum og þá aðallega fyrir tónleika. Í vetur voru meðlimir úr 5. – 10. bekk.

Markmiðið á æfingum er að skapa jákvætt og glaðlegt andrúmsloft þar sem kórsöngur ræður ríkjum. Sungið er í röddum eins og kostur er.

17. október kom danskur kór í heimsókn og héldum við sameiginlega tónleika í sal skólans.

Við borðuðum með þeim pizzur á Fosshótel og var mjög gaman fyrir kórstelpurnar mínar að fá þessa heimsókn.

Jólatónleikar voru haldnir í sal skólans sunnudaginn 11. desember.

Vortónleikar voru haldnir í sal skólans mánudaginn 15. maí.

Fjáröflun var fyrir jóla og seldu kórmeðlimir útikerti frá Stóruvöllum með því markmiði að safna fyrir rútunni sem kom þeim suður á kóramót. Það gekk eftir.

Landsmót Barnakóra var haldið í Grafarvogskirkju dagana 28/4-30/4. Gist var í Foldaskóla.

18 stúlkur fóru í þessa ferð og gekk hún rosalega vel. Stelpurnar voru skólanum til mikils sóma.

Fararstjórar voru Jóna Árný og Þóra Björk.

## **Söngsalur**

Fyrir áramót voru 8 söngsalir. Eftir áramót var söngsalur 7 sinnum. Einnig spilar tónmenntakennari undir hjá flestum bekkjum á salarsamkomum, Þorablóti og hjá helgileik 1. bekkjar. Einnig tók tónmenntakennari þátt í þremur Litlu-jólum 20. desember.

## **Íþróttir**

Ein 60 mín kennslustund á viku hjá 4.-7. og tvær 60 mín hjá 1.-3. bekk. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir allan árganginn. 1. – 5. bekkur komu í íþróttir hver bekkur saman, en 6. og 7. bekk var skipt niður í tvo blandaða hópa fyrri hluta vetrar en svo kynjaskipt seinni hluta vetrar.

Samkvæmt kennsluáætlun var þema í hverri viku og reynt að fara í mismunandi íþróttir.

Tímarnir voru settir upp á ýmsa vegu, allir saman eða skipt í hópa og verkefni eftir því, stundum ákváðu kennarar hvað ætti að vera í hverju hólf og fengu nemendur að velja sér hólf og einstaka sinnum var frjálst og fengu nemendur þá að gera það sem þeim datt í hug.

Tókum ca. 4 vikur frá því í um miðjan apríl til að æfa fyrir litlu ólympíuleikana. Þá æfði hver nemandi sig í því sem hann vildi fyrir keppnina.

Við reynum eftir fremsta megni að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

Notumst við æfingaforritið Sideline sem er miðlægur gagnagrunnur á netinu til að halda utan um tímaseðla, þarna liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins og síðustu ára. Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

8. – 10. bekkur

Unglingastigið var fært aftur í fyrra horf í vetur, hver bekkur var allur saman í íþróttum einu sinni í viku. Vegna breytinga á sundi bættist við auka íþróttatími hjá þeim 10. bekkungum sem náðu að ljúka 10. sundstiginu að hausti.

Í enda mars var nemendum gefið tækifæri á því að æfa fyrir litlu ólympíuleikana. Þá æfði hver nemandi sig í því sem hann vildi fyrir keppnina. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

Notumst við æfingaforritið Sideline sem er miðlægur gagnagrunnur á netinu. Kemur sér mjög vel til að halda utan um skipulagningu tímaseðla, þarna liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins og síðustu ára.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

## **Sund**

1. – 3. bekkur

2. – 3. bekkur kom á sundnámskeið í byrjun hausts og enda vors, en 1. bekkur eingöngu að vori, 10 daga í senn og hver kennslustund var 40 mín. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma, hver stofa kom fyrir sig og henni svo skipt í 2 hópa hjá 1. – 2. bekk en í 3. Bekk var öll stofan saman, eingöngu í stóru lauginni. Farið var í ýmsa leiki og grunntækni.

Tímaseðlar eru gerðir í ritvinnslu í tölvunum. Höfum ekki nýtt Sideline forritið í það enn. Þar sem okkur finnst betra að skipuleggja með þessum hætti.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum (stuðst við gömlu sundstigin), niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

4. – 7. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Einn til tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir eina stofu í árgangi. Í 6. og 7. bekk var skipt í stelpur og stráka en hjá 4. og 5. bekk komu saman stelpur og strákar eins og stofu skipting í skólanum.

Ef tveir kennarar eru saman kennum við tækni öðrum megin en meira þol í hinum hluta laugarinnar. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir um miðjan tíma. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

Tímaseðlar eru gerðir í ritvinnslu í tölvunum. Höfum ekki nýtt Sideline forritið í það enn þar sem okkur finnst betra að skipuleggja með þessum hætti.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum (stuðst við sundstigin), niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

#### 8. – 10. Bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Einn íþróttakennari í hverjum tíma nema hjá 8. bekk stúlkum sem voru óvenju margar í hóp, þar voru tveir kennarar. Í 8. og 9. bekk var skipt í stelpur og stráka. Í haust byrjuðum við að bjóða þeim nemendum í 10. Bekk sem höfðu tekið þátt í að minnsta kosti 80% í suntímum 9. bekkjar að taka 10. sundstigið. Þeir sem því náðu fóru í íþróttir einu sinni í viðbót í viku en hinir héldu áfram að mæta í sundkennslu og tóku svo próf að vori.

Uppsetning tímanna er hefðbundin, kennum tækni öðrum megin en meira þol í hinum hluta laugarinnar. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir um miðjan tíma. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

Tímaseðlar eru gerði í ritvinnslu í tölvunum. Höfum ekki nýtt Sideline forritið í það enn. Þar sem okkur finnst betra að skipuleggja með þessum hætti.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

Í vor fengu svo þeir nemendur 9. Bekkjar sem náð höfðu að minnsta kosti 80% þátttöku í sundtímum 8. Og 9. Bekkjar að taka 10. Sundstigið. Þeir sem því ná fara þá 2x í íþróttir í viku en þeir sem ekki náðu prófinu eða lágmarks þátttöku halda áfram í sundi 1x í viku í 10. bekk.

#### **Litlu ólympíuleikarnir**

Litlu ólympíuleikarnir voru haldnir dagana 2.,3.,4 og 5. maí fyrir 2.-10. bekk og 17. maí fyrir 1. bekk. Í ár var aðeins breyting á skiptingu keppenda. 2. maí kepptu 2. og 3. bekkur, 3

.maí kepptu 4. og 5. bekkur, 4. maí kepptu 6. og 7. bekkur og svo kepptu unglíngastigið allt saman 5. Maí.

Í boði voru 10-12 keppnisgreinar á hverju stigi og skráðu nemendur sig í greinar nokkrum vikum fyrir leikana, nema 1. bekkur sem fékk kynningu á greinunum en valdi svo bara á keppnisdeginum sjálfum hvaða grein þau vildu taka þátt í. Engin skylda var að taka þátt en ekki mátti skrá sig í fleiri en 5 greinar, þeir sem völdu að taka ekki þátt voru áhorfendur og stuðningsmenn. Leikarnir hófust kl.08:45 og lauk þeim þegar að matartími hófst. Þessir dagar gengu mjög vel og virtust börnin vera alsæl með sinn afrakstur.

### **Skólahreysti**

Í ár var tekin ákvörðun strax að hausti að taka þátt í Skólahreysti, 4 nemendur völdu sér strax í upphafi að taka þátt og æfðu af kappi fram að keppni, 2x í viku 40 min í senn. Í hópinn voru svo fengnir tveir nemendur til viðbótar svo liðið yrði klárt með tveimur varamönnum. Keppnin fór svo fram á Akureyri 29. mars, en okkar lið komst ekki áfram í úrslit

### **LIST- OG VERKGREINAR**

Í list- og verkgreinunum heimilisfræði, myndmennt, smíði, textílmennt og tónmennt er kennt í lotum. Hverju teymi er skipt niður í 5. hópa og hver hópur er í 7. vikur – 3 klst í viku í hverri námsgrein og svo rúlla hóparnir á milli námsgreinanna. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskólanna ber nemendum í 1. – 7. bekk að fá 248 mínútur á vikur eða 4. klst. í list- og verkgreinum á viku. Samkvæmt þessu skipulagi fá nemendur 3 klst á viku í hefðbundnum list- og verkgreinum innan skólans en því til viðbótar fá allir árgangar kennslu í hljóðfæraleik eða dansi frá Tónlistarskólanum og það er samstarfsverkefni skólanna. Þannig er öllum lögum og reglum fullnægt varðandi tímafjölda fyrir utan þann mikla ávinning sem af samstarfinu hlýst fyrir nemendur, foreldra og samfélagið allt.

### **VALGREINAR Á UNGLÍNGASTIGI**

Á þessu skólaári var boðið uppá;

Myndmennt,

handavinnu,

heimilisfræði,

smíðar,

kór,

skólahreysti,



stöðvahring,  
heimspeki,  
kvikmyndaval,  
sviðslistir,  
jóga,  
tæknilegó,  
félagsmálaval,

snýrtifræði og upplýsingamennt og forritun í vali á unglíngastigi. Einnig gafst nemendum kostur á að fá íþróttæfingar og nám í tónlistarskóla metið sem eina valgrein.

List og verkgreinar féllu undir valgreinar á þessu skólaári og nemendur völdu út frá því. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 2013 á heildartími í list og verkgreinum í 8. – 10 bekk að vera 340 mínútur en í vali 870 mínútur. Helmingur valstunda á að vera bundinn list- og verkgreinum.

#### STOÐÞJÓNUSTA – STUÐNINGSÚRRÆÐI

Við skólann störfuðu í vetur tveir þroskaþjálfar, tveir iðjuþjálfar, einn sérkennari og sex stuðningsfulltrúar. Að auki sinntu tveir kennarar sérkennslu. Þessi starfsmenn voru í misháum starfshlutföllum, samtals 11 stöðugildi. Einnig nýttust til uppfyllingar kennsluskyldu tímar inn í teyllum í 2.-5. bekk og tímar sérgreinakennara, samanlagt um 24 kennlustundir á viku.

Samsetning nemendahópsins kallar á fjölbreytta kennslu og þjálfun. Metnaður hefur verið lagður í að koma til móts við þarfir nemenda af fagmennsku, með fjölbreytni og samstarf að leiðarljósi. Greiningar og ráðgjöf sérfræðinga, skimanir ásamt faglegu mati kennara og annarra starfsmanna liggja til grundvallar aðlöguðum kennsluáætlunum.

Fjöldi nemenda sem nutu stuðnings eða sérkennslu á einn eða annan hátt voru í vetur í kringum 60 eða um 21%. Misjafnar ástæður lágu þar að baki. Sum börn þurftu fullan stuðning, önnur börn unnu eftir aðlöguðum áætlunum og enn önnur fengu stuðning á stuttum námskeiðum. Með teymiskennslu hafa skil á milli almennrar kennslu, sérkennslu og stuðnings minnkað. Aukið flæði er á milli þessarar kennslu, náms nemenda og starfsmanna. Hvert teymi er samsett úr almennum kennurum og þeim sem sjá um sérkennslu og stuðning. Markmiðið er að starfsmenn hvers teymis kenni helst eingöngu í sínu teymi og kenni öllum nemendum. Kennsla í litlum breytilegum hópum hefur aukist, þar sem samsetning hópsins getur verið af ýmsum

toga. Því er lögð áhersla á það í skólanum að draga úr því að skilgreina hvað sé sérkennsla og hvað sé almenn kennsla.

Boðið hefur verið upp á aukatíma í list- og verkgreinum fyrir nemendur sem finna styrkleika sína þar og/eða þurfa á uppbroti í skóladaginn að halda. Hafa þessir tímar gefist afar vel en mættu vera mun fleiri en tók hafa verið á.

Í vetur var aukið samstarf við Félagsþjónustu Norðurþings og áttu nokkrir eldri nemendur kost á að stunda verktengt nám í tvo tíma á dag í Miðjunni eða Túni. Þar var megin áhersla lögð á virkni og starfstengt nám.

## AÐRAR SKÝRSLUR

### HEIMASÍÐA BORGARHÓLSSKÓLA

Á heimasíðu Borgarhólsskóla er að finna upplýsingar um ýmislegt er varðar skólastarfið og eru nýjar upplýsingar færðar inn reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir starfsfólk skólans og nemendur, skóladagatal, skólareglur, námsvísar og skólanámskrá. Upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, skólasafns og fleira er á síðunni. Veffangið er:

<http://www.borgarholsskoli.is>

Mentor er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem þýðir að notendur geta unnið í kerfinu hvar og hvenær sem er hafi þeir aðgang að Internetinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Því er lögð rík áhersla á það við hönnun kerfisins að upplýsingagjöf til foreldra sé auðveld og skilvirk. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá lykilorð að fjölskylduvef Mentors sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um skólagöngu barna þeirra s.s. stundatöflu, ástundun, einkunnir og heimavinnu. Veffangið er:

<http://www.mentor.is>.

### BÓKASAFN

Skólasafnið var mikið notað af nemendum í vetur og voru kennarar duglegir að senda þá til að vinna í tölvum eða bara til að slaka á.

Í frímínútum var alltaf opið og sóttist ákveðnir hópar unglinga eftir því að vera á safninu þá.

Opnunartími var frá 8.00 til 14.00 mánud., þriðjud., og miðvikudag til 13.00 á fimmtudögum og föstudaga þá var opið til 12.00

Aðeins undirritaður var starfsmaður safnsins en

Útlán á skólaárinu í gegnum kerfi Gagnis voru 11259 bækur, tímarit og spil. Aukning frá síðasta ári.

Helsta vinna á safninu er að sjálfsögðu útlán og samskipti við nemendur og kennara sem voru góð í alla staði. Ég gerði mikið af því að prenta út verkefni fyrir nemendur sem komu á safnið til að vinna.

Alltaf þarf að afskrá einhverjar bækur og blöð sem eru illa farnar eða ekki verið lánaðar í mörg ár . Afskráðir voru 128 titlar. Mest gamlar VHS spólur

Nýskráningar bóka,blaða, mynda og spila voru 833 titlar. Skiptist þannig: keypt 251, fengið að gjöf 455 og það sem var til og þurfti að skrá 127.

Safnið var áskrifandi að tveimur tímaritum 2016 Júlíu og Lifandi vísindi en sagði áskriftinni upp frá janúar 2017 og Disneybókum sem við erum en áskrifendur að. Bækurnar eu með CD og þeir vilja tynast og skemmast, svo ritari hefur verið að afrita diskana og gengur það vel.

Ég hef lagt töluverða áherslu á að allt sem er á safninu sé skráð til að auðvelda utanumhald.

Helsta breyting á þessu skólaári er að skólinn fjárfesti í miðaprentara svo nú skrái ég bækurnar og geng frá þeim. Þessi kaup borga sig á einu ári sirka.

## MÖTUNEYTI

Mötuneyti tók til starfa 5.janúar 2014 fram að þeim tíma voru nemendur með tvöfalt nesti. Starfsmenn í mötuneyti eru 4 í 2,80 hlutfalli. Tveir skipta með sér matráðstöðunni, einn aðstoðarmaður í eldhúsi og einn í uppvaski. Mikil og almenn ánægja er með aðstöðu og matinn. Verð á máltíð er 499 kr. Nemendur snæða í þremur hópum og nemendur frá 6. – 10. Bekk hafa val um það hvort þeir fari út að mat loknum.

Fyrsti til þriðji bekkur borða kl. kl.11.20-11.50. Miðstig 11.50-12.20.

Unglingastig 12.20-12.50.

Nemendur FSH geta keypt áskrift og mæta í mat klukkan 12.30 og skarast við unglíngana sem er afar jákvætt.

Rekstur mötuneytisins má sjá í öðrum skjölum en hann er jákvæður.

Veturinn 2016 - 2017 gekk vel.

Að jafnaði borðuðu um 335 manns í hverju hádegi. Þe.a.s. tæplega 300. börn, 25 starfsmenn og restin úr FSH.

Þann 1. mars síðastliðinn bættust við starfsfólk stjórnarsýsluhúss að jafnaði um 15 manns á dag, sem gerir alls um 350 manns sem fengu að borða pr. dag.

## NÁMSRÁÐGJÖF

Náms og starfsráðgjafi við Borgarhólsskóla er Anna Harðardóttir í 80% starfshlutfalli og stendur þjónusta hennar öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra til boða.

Námsráðgjafi er málsvari og trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu um málefni þeirra, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Hlutverk námsráðgjafans er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna þeim í málum er snerta nám, líðan og framtíðaráform. Áherslan er á einstaklinginn/nemandann og beinist að því að auka þekkingu hans á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að honum líði sem best í skólanum og nái að tileinka sér árangursríkar námsvenjur.

Vetrarstarfið byrjar á því að fara í heimsóknir inn í bekki og kynna nemendum starfssvið námsráðgjafans, áherslur í starfi og viðveru. Námsstærkynningar/kennsla og upprifjun á henni eru fastir liðir á haustin hjá eldri nemendum þar sem farið er í lestrartækni, glósugerð, minnistækni, skipulags og markmiðssetningu ásamt fræðslu vegna prófundirbúnings og próflesturs er nær dregur prófum. Nemendur 10. bekkjar fá fræðslu á framhaldsskólakerfinu og inntökuskilyrðum, framhaldsskólum og framhaldsnámi. Skólaheimsóknir eru fastir liðir og fengu nemendur heimboð í FSH, VMA og MA í vetur en auk þess komu nemendur úr nemendaráði FSH í heimsókn með kynningu á félagslífi skólans.

Nemendur fengu einstaklingsviðtöl þar sem farið var yfir námsstöðu og áherslur lagðar fyrir veturinn, ákvarðanatöku og framhaldsnám þannig að þeir geti gert raunhæfar áætlanir um náms- og starfsleiðir að loknu námi. Þeir fengu fræðslu og aðstoð við innritun í framhaldsskóla og var boðið að taka áhugasviðskönnunina Bendil og túlkun á henni, en hún gefur vísbendingar um áhugasvið og aðstoðar við ákvarðanatöku sem byggir á sjálfsþekkingu og sjálfstæði.

Aðkoma námsráðgjafa inn í bekki getur verið misjöfn milli ára, en fer einnig eftir þörfum og óskum kennara hverju sinni og þeim aðstæðum sem skapast. Eins og undanfarna vetur var námsráðgjafi með nokkur verkefni þar sem farið var í aðferðir til að efla félagsfærni, styrkja sjálfsmynd, samskipti nemenda og mikilvægi góðrar vináttu, styrkleika og veikleika.

Verkefnin voru í formi fyrirlestra frá námsráðgjafa, verkefna sem nemendur unnu sjálfstætt og umræðna innan hópsins. Námsráðgjafi var einnig með hópráðgjöf og stuðning fyrir

nemendur í 7., 9., og 10. bekk sem eru með lesblindu. Þar sem farið var í sjálfsmynd, námstækni, styrkleika og úrræði sem þeim stendur til boða í skólakerfinu.

Námsráðgjafi vann með náms- og starfsfræðslu í 10 bekk ásamt umsjónarkennara.

Nemendur kynntust náms- og starfsmöguleikum sem þeim stendur til boða, kynntu sér áhugavert starf og fóru í vinnustaðaheimsóknir þar sem þau kynntu sér störf að eigin vali.

Nemendur í 2., 3., 4. og 5 bekk fengu heimsóknir í vetur þar sem unnið var með mismunandi störf, störf foreldra og draumastarfíð. Stór hluti af starfi námsráðgjafans fer í að aðstoða nemendur við persónuleg mál, viðtölin eru af margvíslegum toga eins og námstækni, tímaskipulags, prófkvíða, námsvals, samræmdra prófa, upplýsinga um framhaldsnám og ráðgjafar vegna sérþarfa. Viðtölin geta líka verið vegna persónulegra vandkvæða eins og kvíða, sorgar, samskiptaörðugleika, þunglyndis, svefnleysis, einbeitingarskorts, neikvæðrar samskiptahátta á samskiptamiðlum og hegðunar í bekk sem raskar námi þeirra og veldur vanlíðan. Þar er áherslan á að hjálpa nemendum að leita lausna í átt að óskastöðu, oftast ekki með samvinnu og aðstoða kennara og foreldra. Einstaklingsráðgjöfin getur oft verið tímafrek en mörg mál eru þess eðlis að nemendur þurfa að hitta námsráðgjafann reglulega á ákveðnu tímabili til að ná tökum á sínum málum. Mörg mál sem koma inn á borð námsráðgjafa ættu frekar að vera hjá meðferðaraðila eins og sálfræðingi en mikill skortur er á úrræðum fyrir þessa nemendur þar sem slík þjónusta eru ekki til staðar hér á Húsavík og er það miður. Oft þurfa foreldrar að leita yfir langan veg eftir þjónustu og það getur verið bæði erfitt og tímafrekt.

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði, áfallaráði og eineltisteymi skólans. Hann sér um utanumhald á tengslakönnunum ásamt umsjónarkennurum. Kannanirnar eru lagðar fyrir tvisvar á ári og fylgir námsráðgjafi þeim eftir inn í nemendaverndarráð/eineltisteymi skólans. Hann tekur nemendur í viðtöl ef þurfa þykir og aðstoðar kennara við úrlausn mála er varðar nemendur og leiðbeinir þeim eftir því sem við á.

## BYRJENDALÆSI

Það er stefna Borgarhólsskóla að unnið sé eftir aðferðum Byrjendalæsis í móðurmálskennslu á yngsta stigi. Helstu áherslur í BL eru;

Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir sem unnið er með á heildstæðan hátt.

Unnið er með merkingarbær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.

Byggir á markvissri samvinnu og samskiptum nemenda í námi.

Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.

Markviss kennsla aðferða sem styður við lesskilning og fjölbreytta ritun.

Nám án aðgreiningar, einstaklingsþörfum mætt innan nemendahópsins.

## **SAMSTARF SKÓLANS VIÐ AÐRAR STOFNANIR**

### **LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR**

Fyrstu tvær heimsóknirnar (kl. 9:30-11) voru í mars þar sem við fengum helminginn af skólahóp leikskólans og sendum helming af okkar hóp í leikskólann. Við byrjuðum á því að lesa bók fyrir alla saman í heimakrók og síðan fengu börnin að leika í frjálsum leik.

Næstu heimsóknir voru í apríl þar sem við höfðum sama hátt á og áður en í þetta skipti voru börnin frá kl. 10:00-12:50. Við lásum bók, börnin fengu að leika sér, þau fóru í mat og enduðu á því að fara í íþróttir.

Við enduðum svo á vorskólanum sem fór fram 17. og 18. maí þar sem skólahópurinn kom í skólann kl. 14:00 með nesti og var til kl. 15:45. Þar vorum við með skipulagða dagskrá fyrir börnin sem lukkaðist vel.

### **TÓNLISTARSKÓLI HÚSAVÍKUR**

Samstarf Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla, áður Barnaskóla Húsavíkur á sér sögu allt frá árinu 1972, þegar Tónlistarskólinn fluttist inn í húsnæði í eigu Barnaskólans. Í kjölfar þess að skólarnir störfuðu undir sama þaki var farið af stað með verkefni þar sem nemendur barnaskólans vor teknir út úr tímum. Í kjölfar þess jókst aðsókn að tónlistarnámi verulega. Ljóst varð að ekki var mögulegt að veita öllum þeim nemendum þjónustu sem eftir því leituðu nema eitthvað nýtt kæmi til í skipulagi tónlistarnáms. Til þess að bregðast við aukinni eftirspurn var farið af stað með verkefnið Hljóðfæranám fyrir alla 1992 í samstarfi Tónlistarskólans, Leikskólans og Barnaskólans.

Markmiðið með verkefninu *Hljóðfæranám fyrir alla* var að koma á markvissu tónlistaruppeldi fyrir aldurshópin 3-9 ára með samvinnu um og samræmdri tónlistarkennslu í leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Verkefnið fólst í því að:

Vinna að gerð sameiginlegrar námskrár í tónlistarfræðslu fyrir aldurskeiðið 3-9 ára. Þróa og afla þekkingar í viðkomandi stofnunum á kennsluáðferðum sem gerðu það mögulegt að bjóða heilum bekkjardeildum uppá hljóðfæranám sem hluta af samfelldri stundaskrá. Nota og þróa samþætt kennsluefni í tónlistar forskóla, tónmenntarkennslu og hljóðfæranámi. Segja má að settum markmiðum hafi verið náð. Námskrá var unnin í samræmi við fyrirliggjandi námskrá grunnskólans og þau gögn sem til voru á þeim tíma um faglegt starf leikskóla og tónlistarskóla. Aðalnámsskrá tónlistarskóla leit ekki dagsins ljós fyrr en árið 2000. Helsta áskorunin í verkefninu hefur verið að stuðla að þróun faglegs starfs og hópkenntu í tónlist. Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir tónlistarkennara og leikskólakennara. Unnið var sameiginlegt kennslu efni byggt á þeirri tónlist sem notuð var til kennslu í leikskólanum og tónmenntakennslu grunnskólans. Vandað var til við gerð kennsluefnisins en reynslan af því hefur verið mjög góð og er það ennþá í notkun hér á Húsavík og víðar á landinu.

## SKIPULAG SAMKENNSLU

Hópkenntu er forsenda þess að hægt sé að veita öllum börnum tónlistarkennslu.

### 1. BEKKUR

Öll 6 ára börn fá 60 mín. kennslu á viku hálfur bekkur í senn. Kennt er námsefni samið af Hólmsfríði Benediktsdóttur tónlistarkennara.

### 2. BEKKUR

Í öðrum bekk er kennt á blokkflautu tvisvar 30 mín á viku, 4-6 börn í hóp. Kennsluefnið fyrir blokkfautu og í tónfræði hefur verið samið af kennurum skólans sérstaklega fyrir verkefnið og bækurnar búnar til í tónlistarskólanum. Nemendurnir koma allir fram á tónleikum og taka próf í tónfræði. Til viðbótar hefur verið tónmenntakennsla einu sinni í viku.

*Í öðrum bekk læra nemendur allan hefðbundinn grunn í tónlistarnámi. Lögð er áhersla á að nemendur æfi sig heima og að framvinda nemenda geti verið mjög breytileg án þess að það valdi vandræðum innan hópsins sem heild. Náms efnið er með fjöl radda útsetningar sem gefur færi á að nemendur geti verið að takast á við mis erfið verkefni. Nemendur koma fram á tónleikum skólans í það minnsta tvisvar yfir skólaárið*

### 3. BEKKUR

Í þriðja bekk fá börnin kennslu á hljóðfæri að eigin vali tvisvar 30 mín á viku, 2-4 saman í hóp. Við kennsluna er mikið notað kennsluefni sem samið hefur verið í tengslum við verkefnið. Börnin koma fram á tónleikum hvert og eitt eða saman í hóp og taka tónfræði próf að vori. Tónmenntakennsla kemur þessu til viðbótar.

*Markmiðið með þessu verkefni er að öllum börnum gefist tækifæri til að læra á hljóðfæri að eigin vali. Þau læra nótnalestur og hljóta þjálfun í að koma fram á tónleikum jafnframt því að hlusta á flutning annarra. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð. Það virðist sem öll börn á þessum aldri hafi áhuga á að prófa að læra á hljóðfæri. Með þessu verkefni er einnig verið að yfirstíga ýmsar félagslegar hindranir varðandi aðgengi að tónlistarnámi auk þess tryggt er meira jafnræði gagnvart skattgreiðendum þar sem tónlistarnámið verður ekki einungis fyrir takmarkaðan hóp nemenda.*

### 4. OG 5. BEKKUR

Í fjórða og fimmta bekk er kennd afríkutónlist- djembe, dans og marimba tvisar 60 mín á viku heil bekkjardeild í einu. Öll kennsla fer fram eftir eyranu. Tónlistin sem er upprunnin í sunnan verðri Afríkur byggir mikið á þrástefjum sem byggja upp rytmísk spennu með notkun á pólrítmík.

Hljóðfærin eru díatónísk og hljómagrunnurinn er að mestu grunnhljómar í I, IV og V sæti.

Hljóðfærin eru stór og gefa nemendum möguleika á að þroska bæði gróf og fínhyringar. Nemendur koma fram á tónleikum á vegum tónlistarskólans.

*Reynslan hefur sýnt að hljóðfærin og tónlistin gefa mjög mikið svigrúm fyrir mismunandi getustig nemenda innan sama hóps. Þannig geta allir verið virkir í samspili þar sem flutt er grípandi tónlist. Nemendur hafa ekki möguleika á að æfa sig heima en þar sem nemendur fá tvo tíma í viku er mögulegt að halda samfelli í náminu og byggja upp færni sem er forsenda þess að áhugi nemenda haldist. Þetta nám uppfyllir kröfur um markmið í tónmenntanámi samkvæmt námskrá grunnskólans jafnframt að vera mjög góður grunnur og stuðnings nám fyrir annað tónlistarnám.*



## 8.– 10. BEKKUR

Nemendum í unglingadeildum gefst kostur á að velja tónlist sem hluta af vali grunnskólans. Tónlistarval í hóptímum er nemendum að kostnaðarlausu. Nemendur sem kjósa að nýta sér einstaklingsnám í tónlist sem hluta af vali verða að greiða sín skólagjöld sjálfir.

## SKÓLAFERÐ 7. BEKKJAR – REYKJAHLÍÐARSKÓLI

Í tengslum við þróunarverkefnið *Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar* fer 7. bekkur í Borgarhólsskóla í tveggja sólarhringa ferðalag upp í Mývatnssveit. Borgarhólsskóli skipuleggur dagskrá og fræðslu. Reykjahlíðarskóli leggur til húsnæði og fæði fyrir alla á meðan á dvölinni stendur.

## HVALASKÓLINN – HVALASAFNIÐ

Borgarhólsskóli er í samstarfi við Hvalasafnið – Huld Hafliðadóttir sér um verkefnið. Þar býður Hvalaskólinn nemendum í 2. og 5. bekk að vinna að vinna verkefni í tengslum við hvali, koma í heimsókn á Hvalasafnið og fá þar fræðslu um hvali og annað þeim tengt. Einnig býður Hvalaskólinn nemendum í 2. bekk í fjöruferð sem farin er í rútu með nesti og rannsóknargögn og nemendur 5. bekkjar fara í hvalaskoðun sem Hvalasafnið kostar. Hvalaskólinn og Borgarhólsskóli hafa verið í þessu samstarfi í fjögur ár og afar vel hefur tekist til. Á vorin hefur Hvalasafnið svo staðið fyrir sýningu í safninu á verkum nemenda og þar er nú kominn sýningarrými fyrir listaverk barna úr samstarfverkefnum Hvalaskólans.

## FUGLASTÍGUR Á NORÐAUSTURLANDI

Í ár gafst okkur kostur á því að taka þátt í verkefni tengdu fuglahátíð á Húsavík sem haldin var 9 – 10 mars. Félagið Fuglastígur á Norðausturlandi stóð fyrir hátíðinni en verkefnið gekk út á þátttöku nemenda í bæði fuglamerkingum og fuglatengdu myndlistarnámskeiði þar sem einn frægasti fuglamyndlistarmaður heims, Darren Woodhead (<https://twitter.com/darrenwoodhead>), kenndi krökkunum að teikna og mála fuglana okkar. Verkefnið hlaut styrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.

## AÐRIR SAMSTARFSADILAR

- ~ Framhaldsskólinn á Húsavík
- ~ Frístundaheimilið Tún
- ~ Skólaþjónustusvið Norðurþings
- ~ Lögreglan
- ~ Fræðslunefnd Norðurþings
- ~ Félagsmiðstöðin Tún
- ~ Norðursigling – haustsiglingar.

## GJAFIR OG STYRKIR

Kvenfélag Húsavíkur hefur undanfarin ár fengið að halda sitt árlega jólaball í sal Borgarhólsskóla. Í þakkætisskyni fyrir það færði félagið skólanum 50. Þúsund að gjöf. Skólinn ætlar að kaupa potta og pönnur til útikennslu við skólann. Fyrirhugað er að á næstu árum verði til útikennslusvæði við skólann og byrjað er að leggja drög að því.

Orkuveita Þingeyinga styrkti skólann til kaupa á tæknilegói en undanfarið ár hefur verið boðið uppá tæknilegó í vali á unglíngastígi. Með gjöf Orkuveitunnar verður hægt að bjóða fleiri nemendum uppá nám og leik með tæknilegói.

Úr Endurmenntunarsjóði Grunnskóla fékk Borgarhólsskóli 450.000 sem var varið til símenntunar kennarar í jákvæðum aga, stærðfræðinám á miðstígi, lesskílningsverkefni í skólanum og raddbeítngu og raddvernd starfsmanna.

Eínnígg fékk skólinn styrk uppá 600.000 úr Sprotasjóði í verkefnið Survivor sem farið er í á þríggja ára fresti á unglíngastígi. Hægt er að lesa um Survivor á heimasíðu skólans

<http://www.borgarholsskoli.is/> .